AUGLÝSING

um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Viðskiptaráðherra hefur ákveðið að veita ríkisborgurum og ýmsum lögaðilum aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hluta- og einkahlutafélagalaga.

Ákvörðun ráðherra, sem dregur m.a. úr skriffinnsku, er einkum ætlað að vera til hagræðis ríkisborgurum og lögaðilum frá öðrum OECD-ríkjum en aðilar eru að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en getur einnig komið þeim ríkisborgurum og lögaðilum EES-ríkja að notum sem heimilisfastir eru utan EES-svæðisins.

Í ákvörðuninni, sem geymir undanþágu frá 3., 66., 137. og 140. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 3., 42., 111. og 114. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, felst nánar tiltekið að ríkisborgarar OECD-ríkja þurfa ekki að vera heimilisfastir hér á landi til að geta verið stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar íslenskra hluta- eða einkahlutafélaga eða útibússtjórar erlendra hluta- eða einkahlutafélaga á Íslandi heldur nægir að ríkisborgararnir séu heimilisfastir í einhverju OECD-ríkja.

Þá þurfa hlutafélög og önnur félög og stofnanir, sem standa að stofnun hluta- eða einkahlutafélaga hér á landi og vísað er til í 3. gr. hluta- og einkahlutafélagalaga, ekki að vera heimilisföst hér á landi heldur nægir að þau séu heimilisföst í OECD-ríki.

Loks geta erlend hluta- og einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í einhverju OECD-ríkja, stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Í vafatilvikum getur hlutafélagaskrá, sem umsóknir um skráningu hluta- eða einkahlutafélaga eru sendar til, þó borið einstök mál undir viðskiptaráðherra.

Eftirtalin ríki eru aðilar að OECD:

Ástralía	Ítalía	Pólland
Bandaríkin	Japan	Spánn
Belgía	Kanada	Sviss
Bretland	Kórea (Suður-Kórea)	Svíþjóð
Danmörk	Liechtenstein	Tékkland
Finnland	Lúxemborg	Tyrkland
Frakkland	Mexíkó	Ungverjaland
Grikkland	Noregur	Þýskaland
Holland	Nýja Sjáland	
Írland	Portúgal	

Viðskiptaráðuneytinu, 16. apríl 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.